



# HRUNAMANNAREPPUR

## 84. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR KJÖRTÍMABILÍÐ 2022 – 2026

### 4. FUNDUR ÁRSINS

Árið 2026, þann 5. mars kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í Ráðhúsi sveitarfélagsins í Félagsheimili Hrunamanna, efri hæð.

Eftirtaldir sátu fundinn: Jón Bjarnason, Bjarney Vignisdóttir, Herbert Hauksson, Daði Geir Samúelsson og Halldóra Hjörleifsdóttir í forföllum Alexöndru Rósar Jóhannesdóttur. Auk þess sat Aldís Hafsteinsdóttir, sveitarstjóri, fundinn og skráði fundargerð í tölvu.

Jón Bjarnason, oddviti, setti fund og stjórnaði honum. Hann bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir komu fram.

Í upphafi fundar bar oddviti upp eftirfarandi dagskrárbreytingatillögu:

Gerð er tillaga um að við bætist eftirfarandi liðir:

12. Bréf frá stjórn Fimleikadeildar UMFH frá 2. mars 2026.

13. Erindi frá stjórn Hestamannafélagsins Jökuls frá 23. febrúar 2026

Tillagan samþykkt samhljóða. Tölusetning annarra liða breytist til samræmis við þetta.

Hér var gengið til dagskrár:

#### **Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:**

**1. Ungmennaráð: Fundargerð sameiginlegs fundar ungmennaráðs og sveitarstjórnar Hrunamannahrepps frá 19. febrúar 2026.**

Lögð fram fundargerð sameiginlegs fundar ungmennaráðs og sveitarstjórnar Hrunamannahrepps.

*Fundargerðin lögð fram til kynningar um leið og sveitarstjórn þakkar góðan fund og telur rétt að framvegis fundi þessi hópur tvisvar á ári.*

**2. Afmælisnefnd 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps: Fundargerð 8. fundar frá 2. mars 2026.**

Lögð fram fundargerð 8. fundar afmælisnefndar 1150 ára afmæli Hrunamannahrepps.

*Varðandi lið 2, „kynningarefni tengt afmælinu“ þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða hugmyndir nefndarinnar.*

*Varðandi lið 3, „dagskrárliðir“ þá samþykkir sveitarstjórn samhljóða að Bergsveinn Theódórsson verði fenginn til að sjá um og skipuleggja dagskrá hátíðahaldanna þann 12.-13. júní n.k.*

*Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

#### **Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu og Flóahrepps:**

**3. Fundargerð 320. fundar skipulagsnefndar frá 25. febrúar 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. febrúar sl.**

Lögð fram fundargerð 320. fundar skipulagsnefndar frá 25. febrúar 2026 og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. febrúar sl.

Eftirfarandi mál afgreidd sérstaklega:

**Mál nr. 18. Hátorfa 2: Umsögn um rekstrarleyfi gisting FI 2**

Hátorfa 2 L195752; Umsögn um rekstrarleyfi gisting FI 2 – 2601043

Lögð fram umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar Hamingjan sanna ehf., kt. 530411-0790 um leyfi til rekstur gististaðar í flokki II-H Frístundahús. Álfaheiði, Hátorfu 2, 846 Flúðum.  
Skipulagsnefnd UTU mælist til þess að sveitarstjórn Hrunamannahrepps hafni erindinu, þar sem starfsemin samræmist ekki heimildum deiliskipulags fyrir svæðið.

*Sveitarstjórn gerir ekki athugasemdir við afgreiðslu skipulagsnefndar og hafnar erindinu þar sem starfsemin samræmist ekki heimildum deiliskipulags fyrir svæðið.*

**Mál nr. 22. Afgreiðslur byggingarfulltrúa 18. febrúar sl.**

*Lagðar fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 18. febrúar sl.*

**4. Öldungaráð Uppsveita og Flóa: Fundargerð 5. fundar frá 22. október 2025.**

Lögð fram fundargerð 5. fundar Öldungaráðs Uppsveita og Flóa.

*Sveitarstjórn tekur undir bókun Öldungaráðs þar sem seinangangur ráðuneytisins varðandi afgreiðslu umsóknar sveitarfélaganna um dagdvöl í Uppsveitunum er harmaður. Sveitarstjórn hvetur ráðuneytið til að afgreiða umsókn okkar hið allra fyrsta enda ákvörðun um húsnæði og fyrirkomulag dagdvalar löngu ákveðin af umræddum sveitarfélögum fátt kemur í veg fyrir opnun dagdvalar annað en að afgreiðslu ráðuneytisins á umsókn okkar vantar.*

*Fundargerðin að öðru leyti lögð fram til kynningar.*

**Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:**

**5. Heilbrigðisnefnd Suðurlands: Fundargerð 252. fundar frá 24. febrúar 2026. -Ásamt fylgigögnum.**

Lögð fram fundargerð 252. fundar Heilbrigðisnefndar Suðurlands ásamt fylgigögnum.

*Fundargerðin ásamt fylgigögnum lögð fram til kynningar.*

**Erindi til sveitarstjórnar:**

**6. Húsnæðisáætlun Hrunamannahrepps 2026.**

Lögð fram Húsnæðisáætlun Hrunamannahrepps 2026.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða áætlunina með þeim breytingum sem ræddar voru á fundinum.*

**7. Skipulagslýsing – Íbúðabyggð við Silfurtún.**


Lögð fram skipulagslýsing um íbúðabyggð við Silfurtún. Á fundinn mættu Finnur Yngvi Kristinsson, landslagsarkitekt, Guðmundur Karl Eiríksson og Sigurður Ágústsson, fulltrúar lóðarhafa og kynntu þeir fyrirhuguð áform um uppbyggingu á svæðinu.

*Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkir skipulagslýsingu til kynningar og umsagna í samræmi við 30. gr. og 40 gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

**8. Drög að kaupsamningi um jörðina Laugarás í Bláskógabyggð.**

Lögð fram drög að kaupsamningi um jörðina Laugarás í Bláskógabyggð þar sem Bláskógabyggð kaupir eignarhlut Grímsnes- og Grafningshrepps, Hrunamannahrepps og Skeiða- og Gnúpverjahrepps í jörðinni Laugarási og þau hlunnindi sem jörðinni fylgja. Lóðarleigusamningar um lóðir úr landi Laugaráss halda gildi sínu. Matsverð jarðarinnar er 280 m.kr. og greiðir Bláskógabyggð samtals 187.040.000 kr fyrir hlut hinna sveitarfélaganna. Þar sem hlutur Hrunamannahrepps í jörðinni er 30% munu koma 84 m.kr. í hlut sveitarfélagsins við söluna.

*Sveitarstjórn samþykkir samninginn samhljóða og felur Jóni Bjarnasyni, oddvita, að undirrita hann og önnur gögn tengd sölnunni.*



**9. Tillaga að breytingum á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands til síðari umræðu.**

Lögð fram tillaga að breytingum á samþykktum Sorpstöðvar Suðurlands til síðari umræðu.

*Sveitastjórn samþykkir breytingarnar samhljóða.*

**10. Bréf frá Abbey Road ehf. – Uppsveitakastið frá 16. febrúar 2026.**

Lagt fram bréf frá Abbey Road ehf – Uppsveitakastið þar sem óskað er eftir styrk frá sveitarfélögum á svæðinu og samstarfi um kosningaumfjöllun í Uppsveitakastinu.

*Sveitarstjórn telur sér ekki fært að verða við erindinu og telur að fjölmiðlar/hlaðvörp eigi ekki að fá framlag úr sveitarsjóðum til að fjalla um kosningar og stýra framboðsfundum á svæðinu. Í Hrunamannahreppi hafa framboðin sjálf haft stjórn á því með hvaða hætti þau miðla boðskap sínum og hvaða fyrirkomulag er á framboðsfundum þeirra. Væntanlega verður sama fyrirkomulag viðhaft áfram. Uppsveitakastið hefur verið með marga skemmtilega og upplýsandi þætti á dagskrá og því samþykkir sveitarstjórn samhljóða að kaupa auglýsingu í Uppsveitakastinu fyrir kr. 100.000,- með sama hætti og gert hefur verið áður.*

**11. Minnisblað vegna eftirlitsbúnaðar fyrir stofnanir sveitarfélagsins.**

Lagt fram minnisblað frá yfirmanni eignasjóðs/þjónustumiðstöðvar vegna öryggis- og eftirlitsmyndavéla fyrir stofnanir sveitarfélagsins.

*Sveitarstjórn samþykkir að fela yfirmanni eignasjóðs/þjónustumiðstöðvar ásamt sveitarstjóra að ljúka málinu í samræmi við umræður á fundinum.*

**12. Bréf frá stjórn Fimleikadeildar UMFH frá 2. mars 2026.**

Lagt fram bréf frá stjórn Fimleikadeildar UMFH þar sem óskað er eftir að skoðað verði hvort mögulega sé húsnæði til staðar í sveitarfélaginu sem gæti hýst fimleikaaðstöðu en einnig og til vara sé ekkert húsnæði til staðar að hafin verði vinna við hönnun og kostnaðarmat á sérhæfðri viðbyggingu við núverandi íþróttahús sem hýst gæti starf fimleikadeildar.

*Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir samhljóða að láta nú þegar kanna þá möguleika sem til staðar eru og eftt gætu hið öfluga starf fimleikadeildar og felur yfirmanni eignasjóðs að vinna málið hratt áfram. Verkefnið verði unnið áfram á vettvangi Veitu- og framkvæmdanefndar.*

**13. Erindi frá stjórn Hestamannafélagsins Jökuls frá 23. febrúar 2026.**

Lagt fram bréf frá stjórn Hestamannafélagsins Jökuls þar sem óskað er eftir að sveitarstjórnir á starfssvæði félagsins staðfesti með viljayfirlýsingu að þau séu tilbúin í áframhaldandi samstarf um uppbyggingu á aðstöðu fyrir hestaíþróttir á svæðinu og komi um leið að ákvörðunum þar sem næstu skref verða stigin. Drög að slíkri viljayfirlýsingu fylgdu með erindi félagsins.

*Sveitarstjórn tekur jákvætt í erindið og samþykkir samhljóða að fela sveitarstjóra að undirrita viljayfirlýsinguna. Bætt aðstaða til iðkunar hestaíþróttar myndi án vafa efla allt starf og ekki síst æskulýðsstarf og gefa fleirum tækifæri til að taka þátt í þessari fjölmennu íþróttagreini í uppsveitunum.*

**14. Minnisblað varðandi sumarlokun Ráðhúss og menningarmiðstöðvar 2026.**

Lagt fram minnisblað varðandi sumarlokun Ráðhúss og menningarmiðstöðvar 2026.

*Sveitarstjórn samþykkir samhljóða að ráðhús og menningarmiðstöðin á neðri hæðinni verði lokuð í þrjár vikur í sumar eða frá 6. júlí til 24. júlí að báðum dögum meðtöldum.*

**15. Næsti fundur sveitarstjórnar.**

Samþykkt samhljóða að næsti fundur sveitarstjórnar verði haldinn venju samkvæmt eða þann 19. mars n.k. kl.14:00.

**Mál til kynningar:**

**16. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 993. fundar frá 18. febrúar 2026.**

Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:22

Dati Geir Samuelsson  
Sigrún Álfur  
[Signature]

Haldur Árnórnald  
Þorunn Vignisdóttir  
Alldis Haldrup